

Réttindi og skyldur starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna - skilyrði áminningar og starfsloka -

I. Inngangur

1. gr.

Reglur þessar eru settar af útvarpsstjóra, í samráði við starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins, um skilyrði áminningar og starfsloka, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannatjágu.

II. Heimildir til uppsagnar

2. gr.

RÚV er jafnan heimilt að segja upp starfsmönnum fréttastofu og dagskrárgerðarmönnum í samræmi við efni ráðningarsamninga.

Ástæður uppsagnar þurfa að vera málefnalegar og lögmætar.

Við uppsögn starfsmanna skal gæta ákvæða sérlaga eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæða laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur varðandi uppsagnir trúnaðarmanna, laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof og laga nr. 63/2000 um hópuppsagnir.

III. Uppsögn af öðrum ástæðum en vegna brota á starfsskyldum

3. gr.

Sé starfsmanni fréttastofu eða dagskrárgerðarmanni sagt upp af öðrum ástæðum en vegna brota á starfsskyldum, svo sem vegna rekstrarlegra ástæðna eða breyttar aðstæður krefjast annarrar hæfni en viðkomandi starfsmaður býr yfir, skal jafnan velja þann starfsmann eða þá starfsmenn sem telja verður að RÚV geti helst verið án miðað við þá framtíðarsýn sem RÚV byggir á.

Við ákvörðun samkvæmt 1. mgr. skal horfa til atriða á borð við starfsreynslu og þekkingu á viðkomandi sviði, hæfni starfsmanna að öðru leyti, frammistöðu, þ.á m. afköst og árangur í starfi, og forgangsröðun verkefna einstakra starfsmanna.

IV. Uppsögn vegna brota á starfsskyldum

4. gr.

Hafi starfsmaður fréttastofu eða dagskrárgerðarmaður brotið starfsskyldur sínar skal hann jafnan áminntur skriflega og honum gefið færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp, sbr. þó 5. gr. Með broti á starfsskyldum er átt við ástæður á borð við: óstundvísi og önnur vanræksla, óhlýðni við boð eða bann yfirmanns, vankunnátta eða óvandvirkni í starfi, ófullnægjandi árangur í starfi, ölvun eða

vímuefnaneysla í starfi eða framkoma eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu.

Bæti starfsmaður ekki ráð sitt í kjölfar áminningar skal heimilt að segja honum upp störfum vegna brota í starfi.

Áður en ákvörðun um uppsögn er tekin, sbr. 2. mgr., skal jafnan greina starfsmanni skýrlega frá tilefni og ástæðum uppsagnar, og gefa starfsmanni kost á að tjá sig. Að liðnum þeim andmælafresti sem starfsmanni var gefinn og eftir atvikum að fram komnum andmælum hans skal tekin endanleg ákvörðun um það hvort honum verði sagt upp störfum vegna brots á starfsskyldum. Ákvörðun skal tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna og upplýsinga í málinu, þ.á m. þeirra andmæla sem starfsmaður kann að hafa sett fram.

5. gr.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að segja fréttamanni eða dagskrárgerðarmanni fyrirvaralaust upp störfum vegna brota í starfi (riftun ráðningarsambands), þ.m.t. án undanfarandi áminningar, ef starfsmaður hefur orðið uppvís af ámælisverðri háttsemi sem má jafna til verulegra vanefnda á starfsskyldum eða brostnum forsendum fyrir áframhaldandi ráðningarsambandi.

Með verulegri vanefnd eða brostnum forsendum í skilningi 1. mgr. er t.d. átt við hegningarlagabrot, misnotkun aðstöðu í eigin þágu og alvarleg trúnaðarbrot.

V. Ákvörðun um uppsögn

6. gr.

Ákvörðun um uppsögn á fréttamanni, án þess að fréttamaður hafi brotið gegn starfsskyldum sbr. 3. gr., skal jafnan tekin af fréttastjóra RÚV, að höfðu samráði við næsta yfirmann fréttamannsins sé hann annar en fréttastjóri, og mannauðsstjóra. Upplýsa skal útvarpsstjóra um ákvörðunina áður en hún er tekin. Sé ákvörðun um uppsögn, eða eftir atvikum riftun, til komin vegna brota á starfsskyldum, sbr. 4. og 5. gr., skal hafa sérstakt samráð við útvarpsstjóra.

Ákvörðun um uppsögn á dagskrárgerðarmanni, án þess að dagskrárgerðarmaður hafi brotið gegn starfsskyldum sbr. 3. gr., skal jafnan tekin af dagskrárstjóra hlutaðeigandi miðils, að höfðu samráði við næsta yfirmann dagskrárgerðarmannsins sé hann annar en dagskrárstjóri, og mannauðsstjóra. Upplýsa skal útvarpsstjóra um ákvörðunina áður en hún er tekin. Sé ákvörðun um uppsögn, eða eftir atvikum riftun, til komin vegna brota á starfsskyldum, sbr. 4. og 5. gr., skal hafa sérstakt samráð við útvarpsstjóra.

Ákvörðun um uppsögn á fréttastjóra eða dagskrárstjóra, eða eftir atvikum riftun ráðningarsambands, skal tekin af útvarpsstjóra. Um slíka uppsögn, eða eftir atvikum riftun, gilda að öðru leyti ákvæði 3. - 5. gr.

VI. Rökstuðningur

7. gr.

Telji starfsmaður ástæður uppsagnar ekki lögmætar og málefnalegar, hvort heldur sem uppsögn er vegna brota á starfsskyldum eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á skriflegri skýringu.

VII. Gildistaka

8. gr.

Reglur þessar eru settar af útvarpsstjóra þann 29. mars 2017 og taka þegar gildi.